

STARFSSKÝRSLA 2006
SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
FEBRÚAR 2007



(Mynd: Róbert A. Stefánsson, 27. júlí 2005)

Úr Sauðeyjum á Breiðafirði. Snæfellsjökull í baksýn.

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín, en á þessu starfsári nefndarinnar tók Jónína Bjartmarz við ráðherraembættinu af Sigríði Önnu Þórðardóttur sem sinnti því frá 15. september 2004 – 15. júní 2006.

Þegar lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun tóku gildi 1. janúar 2003, breyttust lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og um leið stjórnsluverkefni Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna. Nú leitar Umhverfisstofnun umsagnar Breiðafjarðarnefndar um framkvæmdir á verndarsvæðinu en sér sjálf um leyfisveitingar.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Breiðafjarðarnefnd er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum samkvæmt skipunarbréfi dags. 6. júlí 2004.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Nanna Jónsdóttir, Efri-Rauðsdal.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Snæbjörg Bjartmars, Fremri-Hundadal.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar er Sigríður Elísabet Elisdóttir.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt níu nefndarfundi á árinu 2006 og voru fimm haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

66. fundur var haldinn á skrifstofu Umhverfisstofnunar í Reykjavík. Gestir fundarins voru Guðrún Gísladóttir dósent við Háskóla Íslands og Hjördís Linda Jónsdóttir nemi við jarð- og landfræðiskor Háskólans. Rætt var um gerð samnings vegna skráninga á örnefnum á Breiðafirði. Nánar verður fjallað um það verkefni síðar í starfsskýrslunni.

Þann 20. febrúar 2006 funduðu formaður og varaformaður með umhverfisráðherra og þremur fulltrúum frá umhverfisráðuneytinu, þar sem m.a. skýrsla nefndarinnar var afhent ráðherra og almennt fjallað um samskiptaform nefndarinnar við ráðuneytið.

68. fundur nefndarinnar var haldinn í Snæfellsbæ og hittu nefndarmenn þar Skúla Alexandersson, Kristín Jónasson bæjarstjóra Snæfellsbæjar og fulltrúa úr bæjarstjórn Snæfellsbæjar. Þar var meðal annars rædd tillaga Skúla og Kristíns um stækkun verndarsvæðisins.

70. fundur var haldinn í Bjarkalundi þann 17. júlí. Þá var einnig farið í vettvangsferð, sem nánar verður greint frá síðar.

73. fundur og jafnframt síðasti fundur ársins var haldinn 11. desember á skrifstofu Umhverfisstofnunar í Reykjavík. Gestur fundarins var Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra. Á þeim fundi var aðallega rætt um fækkun sjófugla á Breiðafirði og fyrrgreinda tillögu um stækkun verndarsvæðisins. Einnig voru rædd ýmis önnur mál.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2006 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 7,4 millj. kr. til reksturs og ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin 7,0 millj. kr. á fjárlögum. Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar jákvæð um 146 þús. kr., en þeim fjármunum hafði þó verið ráðstafað í endurútgáfu á verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og skráningar á örnefnum. Í töflunni hér á eftir er yfirlit um fjármál nefndarinnar árið 2006.

Flutt frá 2005	145.956	
Fjárheimild 2006	7.400.000	
Aukagreiðslur (nefndarlaun vegna nefndarsetu ársins 2005)		916.403
Kostnaður vegna fundahalda		128.870
Skráning á sögu Breiðafjarðar, styrkur til Sverris Jakobssonar		500.000
Náttúrustofa Vesturlands vegna þjónustusamnings		1.514.176
Ferðakostnaður vegna vettvangsferðar		162.425
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands vegna funda		316.500
Akstur nefndarmanna vegna funda		1.520.766
Skráning örnefna:		1.829.805
Samningur við Raunvísindadeild HÍ vegna örnefnaverkefnis, 1.406.700.- kr.		
GPS tæki vegna örnefnaverkefnis, 59.900.- kr.		
Akstur vegna örnefnaverkefnisins, 76.812.- kr.		

Gisting vegna örnefnaverkefnis, 54.000.- kr.		
Loftmyndir vegna örnefnaskráninga, 33.193.- kr.		
Bátur og leiðsögn vegna örnefnaverkefnis, 199.200.- kr.		
Prentun og póstburðargjöld:		444.214
Prentun ársskýrslu, 26.103.- kr.		
Prentun á fuglalífsbæklingi, 385.952.- kr.		
Póstburðargjöld vegna fuglalífsbæklinga, 32.161.- kr.		
Vextir, bætur, skattar		3.251
Kostnaður vegna heimasíðu Breiðafjarðarnefndar		31.758
Samtals rauntölur	7.545.956	7.360.048
<i>mismunur fluttur á árið 2007</i>		<i>177.788</i>
	7.545.956	7.545.956

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2006:

Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2006 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður. Á árinu var nefndarmönnum greidd þóknun vegna fundasetu ársins 2005.

Starfsemi á árinu 2006

Framkvæmd verndaráætlunar

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Sív Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjörð en gildistími þeirrar áætlunar var frá árinu 2000 til ársins 2004. Í verndaráætluninni voru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun og vöktun, en verkefnin taka mið af því að unnt verði að standa við markmið áætlunarinnar. Frá því að Breiðafjarðarnefnd fór að vinna í samræmi við áætlunina hefur lítið miðað áfram og er það fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni. Var því ákveðið að næsta verndaráætlun fyrir Breiðafjörð gildi næstu 10 árin í stað 5 ára.

Samstarfssamningur milli Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar um endurútgáfu Verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2005-2015 var undirritaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2005 og verður henni skilað í ársbyrjun 2007.

Helstu verkefni

Árið 2006 var því fjármagni sem nefndin hafði til verkefna að mestu ráðstafað í samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar og Raunvísindadeildar Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á sjó á Breiðafirði. Þá lét nefndin prenta 20.000 eintök

kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði. Einnig var veittur 500 þús. króna styrkur til Sverris Jakobssonar sagnfræðings vegna vinnu við skráningu á sögu Breiðafjarðar.

Á árinu 2006 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í *viðauka I*. Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í *viðauka II*.

- Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar og hugmyndir um stækkun þess
- Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði
- Örnefnaskráningar á Breiðafirði
- Undirbúningsvinna vegna skipulags á Breiðafirði
- Skráning á sögu Breiðafjarðar
- Mat á umhverfisáhrifum. Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi
- Tilnefning Breiðafjarðar á Ramsar-skrána
- Aðalskipulag Dalabyggðar og Vesturbyggðar
- Hitaveita í Grundarfirði
- Tillaga að Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2006-2018, dreifbýlishluta.
- Fækkun sjófugla

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar og hugmyndir um stækkun þess

Breiðafjarðarnefnd barst erindi í árslok 2004 frá Skúla Alexanderssyni og Kristni Jónassyni, bæjarstjóra í Snæfellsbæ. Í erindinu var lögð fram tillaga um að verndarsvæði Breiðafjarðar yrði stækkað og að mörk þess yrðu dregin frá Öndverðarnesi í suðri að Bjargtöngum í norðri. Breiðafjarðarnefnd hefur fylgt erindi þeirra eftir og meðal annars kynnt tillöguna fyrir umhverfisráðherra með bréfi og á fundi 11. desember 2006.

Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd samdi við Náttúrustofu Vesturlands um gerð kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði og var sá bæklingur gefinn út í maí 2006. Bæklingurinn var prentaður í alls 20 þúsund eintökum á íslensku og ensku og var vægast sagt rifinn út, því nánast allt upplag bæklingsins var búið í byrjun ágúst. Bæklingurinn er í svipuðu formi og sá bæklingur sem Breiðafjarðarnefnd lét áður vinna og ber nafnið “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Til stendur að láta endurprenta báða bæklingana á árinu 2007.

Verkefni um örnefnaskráningar

Í árslok 2005 var ákveðið að ráðast í samstarf við Háskóla Íslands um skráningu örnefna sem tengjast sjó og siglingum í Breiðafirði. Hjördís Linda Jónsdóttir, nemi í jarð- og landfræðiskor, undir leiðsögn Guðrúnar Gísladóttur dósents, sá um öflun frumgagna en skráningar fóru fram á vettvangi í júní og júlí 2006. Vinnan fólst í að safna, skrá, skýra, staðsetja og kortleggja örnefni. Landmælingar Íslands útveguðu stafrænan kortagrunn í mælikvarðanum 1:50.000 og 1:100.000. Einnig fengust

stafræn sjókortagögn frá Landhelgisgæslu Íslands sem þar að auki veitti aðgang að leiðsögubókum og sjókortum. Örnefnastofnun veitti aðgang að öllum örnefnaskráum. Hjá Landmælingum var einnig veitt ráðgjöf við uppsetningu á gagnagrunni. Breiðafjarðarnefnd útvegaði staðsetningartæki til að nota á vettvangi og greiddi fyrir aksturskostnað, kostnað við leiðsögumenn, báta og laun í samræmi við samstarfssamning. Öll gögn verða færð inn í gagnagrunn sem er rekinn hjá Raunvísindastofnun. Hjördís Linda tók 808 staðsetningar sumarið 2006, sem ýmist eru ný örnefni, staðsetningar á þekktum örnefnum, skýringar eða myndapunktur.

Í árslok 2006 var undirritaður viðbótarsamningur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands vegna aukaverkefna við áður umsamið örnefnaverkefni. Í honum felst kostnaður vegna kynningar á verkefninu, útgáfu á skýrslu með niðurstöðum skráninga, vistun gagnagrunns og launa- og ferðakostnaðar vegna ferða til að staðfesta örnefni.

Skipulagsmál

Breiðafjarðarnefnd hefur lagt á það áherslu að verndarsvæðið verði skipulagt sem ein heild en ekki sem liður í aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga við Breiðafjörð. Í verndaráætlun 2000-2004 er gert ráð fyrir sérstöku skipulagi fyrir Breiðafjarðarsvæðið, þar sem verndarsvæðið nær til margra sveitarfélaga. Við rökstuðning fyrir sérstöku skipulagi hefur verið horft til svæðisskipulags miðhálandisins. Umræðu nefndarinnar um gerð sérstaks aðalskipulags fyrir Breiðafjörð var frestað þar til aðalskipulag liggur fyrir í öllum sveitarfélögunum við Breiðafjörð. Vinna við gerð aðalskipulags er enn í gangi fyrir Helgafellssveit, Vesturbyggð, Reykhólahrepp og Dalabyggð, en er lokið í Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur átt samstarf við Sverri Jakobsson sagnfræðing um skráningu á sögu Breiðafjarðar. Gerður var við hann samstarfssamningur þann 2. maí 2005 og aftur í desember 2005 vegna vinnu á árinu 2006. Sverrir skilaði Breiðafjarðarnefnd áfangaskýrslu í árslok 2006 og var ákveðið í framhaldi af því að styrkja hann áfram vegna vinnu við ritverkið á árinu 2007.

Mat á umhverfisáhrifum: Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi

Breiðafjarðarnefnd fékk í árslok 2005 til umsagnar umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi og lögðu nefndarmenn mikla vinnu í umsagnir um framkvæmdina. Nefndarmenn höfðu áður skilað Skipulagsstofnun umsögn um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum sömu framkvæmdar. Þá fékk nefndin til umsagnar kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um framkvæmdina. Nánar er hægt að kynna sér afgreiðslur nefndarinnar varðandi málið í fundargerðum.

Tilnefning Breiðafjarðar á Ramsar-skrána

Marg oft hefur komið til umræðu í Breiðafjarðarnefnd hvort tilnefna ætti Breiðafjörð á Ramsar-skrána. Málið var m.a. rætt á 66. fundi nefndarinnar við Árna Bragason, forstöðumann náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar. Árni greindi m.a. frá því að verndarsvæði Breiðafjarðar uppfyllti öll þau átta viðmið sem notuð eru þegar svæði eru samþykkt á Ramsar-skrána og sé það mjög sjaldgæft.

Fækkun sjófugla

Mikil fuglamergð er eitt af sérkennum Breiðafjarðar en á síðustu árum hefur borið á fækkun sjófugla á svæðinu. Á fundi Breiðafjarðarnefndar þann 27. október 2006 var fjallað um þessa fækkun. Heimamönnum og sérfræðingum ber saman um að undanfarin ár, sérstaklega árin 2005 og 2006, hafi verið mörgum sjófuglategundum á svæðinu sérstaklega óhagstæð og að fækkað hafi í stofnum ýmissa tegunda, svo sem toppskarfs, ritu, teistu, kríu og sumra máfa. Einnig telja sumir heimamenn að staðbundin fækkun hafi orðið á dílaskarfi, þótt hún komi ekki fram í vöktun stofnsins á síðustu árum.

Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að rannsóknir hefjist nú þegar og óskaði eftir því við umhverfisráðuneytið, með erindi dagsettu 27. nóvember, að nefndinni verði veitt fjármagn til að láta kanna nánar ástand sjófuglastofna á Breiðafirði og mögulegar ástæður fyrir fækkun í þeim.

Málið var einnig rætt við ráðherra á fundi nefndarinnar 11. desember 2006.

Vettvangsferð um Breiðafjörð

Þann 17. júlí 2006 hélt Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um norðurströnd Breiðafjarðar milli Reykjanes í Reykhólahreppi og Vatnsfjarðar í Vesturbyggð. Ferðin hófst í Búðardal, en þaðan var ekið að Stað á Reykjanesi með viðkomu á Skriðulandi í Saurbæ. Í höfninni á Stað var farið um borð í bát Þórðar Jónssonar í Árbæ og Eiríks Snæbjörnssonar á Stað og var Þórður skipstjóri í ferðinni. Siglt var inn Þorskafjörð inn undir Grenitrésnes á Hallsteinsnesi, fyrir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar, út fyrir Skálanes og áfram vestur yfir Kollafjörð, fyrir Bæjarnes og Kvígindisfjörð og áfram fyrir Svínanes og inn Skálmarfjörð inn undir Selsker og þaðan út með Urðarhlíð og að Haugsnesi á Skálmarnesi þar sem Kristján Ebenezersson frá Stað ferjaði hópinn í land þar sem rútan beið hópsins. Að Skálmarnesmúla sýndi Finnboogi Jónsson hópnum kirkjuna að Múla. Frá Múla var ekið að Firði á Skálmarnesi og þaðan vestur í Flókalund í Vatnsfirði. Loks var ekið til baka frá Flókalundi sem leið lá um Vestfjarðaveg, komið við í Djúpadal þar sem Jenný Leifsdóttir sýndi hópnum sundlaugina, og hringnum lokað í Bjarkalundi kl. 20:00.

Leiðsögumenn í vettvangsferðinni voru Eiríkur Snæbjörnsson og Þórólfur Halldórsson.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is, en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, stöðuskýrslu

um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins, bæklingana “Breiðafjörður – Náttúra og saga” og “Fuglalíf á Breiðafirði”. Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í *Viðauka I* og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í *Viðauka II*.

Viðaukar


Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni tveir viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 8-27.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 28-30.

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2006 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í febrúar 2007
f.h. Breiðafjarðarnefndar



Friðjón Þórðarson
formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2006

65. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. janúar 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir komst ekki til fundarins vegna anna.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 64. fundar

Friðjón las upp fundargerð 64. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Kostnaðarliðir við skráningu örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagt var fram svarbréf dr. Guðrúnar Gísladóttur dósents, dags. 12. janúar 2006. Í bréfinu gerir hún grein fyrir kostnaðarliðum, öðrum en launum, vegna skráninga á örnefnum á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ganga til samninga við Háskóla Íslands um verkefnið. Leitast verður við að halda kostnaði í lágmarki. Ritari mun óska eftir að fá framkvæmdaáætlun frá Hjördísi. Þá var ákveðið að bjóða Guðrúnu og Hjördísi að koma á næsta fund nefndarinnar, sem verður haldinn í Stykkishólmi mánudaginn 13. febrúar nk.

Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Róbert bar texta fuglalífsbæklingsins undir nefndarmenn. Nefndarmenn gerðu nokkrar athugasemdir við textann.

Afgreiðsla: Ákveðið var að nefndarmenn lesi textann betur yfir og sendi Róberti athugasemdir sínar eða tillögur í síðasta lagi 16. janúar nk.

Hitaveita í Grundarfirði – Tilkynning um matsskyldu

Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 12. desember 2005, var rætt. Í erindinu er óskað eftir álitu Breiðafjarðarnefndar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Afgreiðsla: Það er mat Breiðafjarðarnefndar að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem upplýsingar um helstu umhverfisáhrif hennar liggja fyrir.

Varnir gegn mengun hafs og stranda

Lagt var fram erindi bæjar- og hafnarstjóra Stykkishólmsbæjar, dags. 28. desember 2006, þar sem málefni laga nr. 33/2004 um varnir gegn megnun hafs og stranda er vísað til umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Meðfylgjandi var listi sem Konráð

Ragnarsson tók saman yfir óreiðubáta og flök sem vitað er um í nágrenni Stykkishólms.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd fagnar því, ef rétt er, að fyrir liggja áætlun um hreinsun stranda við Breiðafjörð af skipsflökum og skipum í óreiðu, sbr. 1. gr. bráðabirgða-ákvæðis laga nr. 33/2004. Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að áætluninni verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst.

Afrit af svarbréfinu verður sent Umhverfisstofnun og sveitarfélögunum við Breiðafjörð.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2005

Lögð voru fram fyrstu drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2005.

Afgreiðsla: Nefndarmenn gerðu ekki athugasemdir við drögin. Stefnt er að því að starfsskýrslan verði tilbúin fyrir næsta fund.

Þóknun nefndarmanna vegna nefndarsetu 2005

Lögð voru fram drög að umsókn um greiðslu þóknunar til nefndarmanna vegna nefndarsetu ársins 2005 ásamt þeim einingafjölda sem reiknaður er hverjum og einum.

Afgreiðsla: Nefndarmenn gerðu ekki athugasemdir við þann einingafjölda sem þeim er reiknaður.

Skipulagsmál

Nefndarmenn tóku að sér á 63. fundi að safna saman þeim upplýsingum sem fram eiga að koma í aðalskipulaginu og þeir hafa aðgang að. Bent var á að Gísli Gíslason landslagsarkitekt hjá Landmótun sé að vinna aðalskipulag fyrir Vesturbyggð, Dalabyggð og Reykhólahrepp. Einnig sé í gangi vinna við gerð aðalskipulags fyrir Helgafellssveit.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bjóða Gísla Gíslasyni á næsta fund nefndarinnar, sem haldinn verður mánudaginn 13. febrúar nk.

Ramsar-skráin

Ákveðið var á 63. fundi að Guðríður kannaði hver næsti liður í ferlinu er.

Afgreiðsla: Málinu var frestað vegna fjarveru Guðríðar.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Ekki hefur borist svarbréf frá Umhverfisstofnun um við erindum nefndarinnar frá 15. september 2005 og 21. desember 2004.

Afgreiðsla: Ákveðið var að formaður mæli sér mót við umhverfisstofnunar og ræði málið.

Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi.

Lögð var fram umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar, dags. 23. desember 2005.

Þórólfur lagði fram greinargerð með athugasemdum vegna umsagnar Umhverfisstofnunar til Skipulagsstofnunar. Hann telur mjög alvarlegt mál að Umhverfisstofnun skuli í umsögn sinni láta að því liggja að meirihluti nefndarinnar, sem sex af sjö nefndarmönnum skipaði, hafi í umsögn sinni ekki tekið mið af markmiðum laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Hann reifaði greinargerð sína og lagði til að hún verði send til Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar í nafni Breiðafjarðarnefndar. Róbert var ósáttur við efnisinnihald bréfsins og benti á að eðlilegt væri að greinargerðin verði þá send í nafni þeirra sem skrifuðu undir

meirihlutaálit nefndarinnar. Hann gat þó tekið undir vissa þætti í greinargerðinni. Þórólfur benti á að í athugasemdu með frumvarpi til laga um vernd Breiðafjarðar kemur fram að ef um ágreining sé að ræða í nefndinni við afgreiðslur mála geti komið til atkvæðagreiðslu um mál.

Afgreiðsla: Samþykkt var að greinargerðin verði send til Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar í nafni nefndarinnar. Róbert vildi þó að það yrði bókað að hann geti ekki sætt sig við efni bréfsins þótt hann geti tekið undir eitthvað af því sem þar kemur fram.

Önnur mál

Kynningar:

Stofnun Háskólaseturs Snæfellsness í Stykkishólmi

Róbert sagði frá því að ákveðið hafi verið að stofna Háskólasetur í Stykkishólmi, sem fyrst um sinn yrði hugsað sem náttúrufræðirannsóknasetur. 8 milljónir króna fengust á fjárlögum þessa árs í stofnun setursins.

Rannsóknasetur um lífríki Breiðafjarðar

Róbert sagði frá því að fyrirhugað sé að stofna Rannsóknasetur um lífríki Breiðafjarðar í Snæfellsbæ. Heimildir hermi að þeir hafi fengið 4 milljónir króna á fjárlögum þessa árs til undirbúnings. Hann kynnti grein um rannsóknasetrið sem birt var í 236. tbl. Jökuls, bæjarblaði Snæfellinga.

Umfjöllun um veglagningu á norðanverðum Breiðafirði

Ásgeir Gunnar sagði frá viðtali við Guðmund Pál Ólafsson sem birtist í 1. tbl. 13. árgangi Stykkishólmspóstsins, en þar segir Guðmundur frá því að hann hafi verið að skrifa “gegn stórkostlegum náttúruspjöllum vegna óþarfs vegar við norðanverðan Breiðafjörð sem Breiðafjarðarnefnd (sem á að vernda fjörðinn) lagði blessun sína yfir.”

Fundi var slitið kl. 14:20.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 13. febrúar nk. í Stykkishólmi.

66. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. febrúar 2006 í Umhverfisstofnun, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Mættar voru dr. Guðrún Gísladóttir, dósent við Háskóla Íslands, og Hjördís Linda Jónsdóttir, nemi við jarð- og landfræðiskor HÍ.

Hjördís kynnti sig fyrir nefndarmönnum og sagði frá því hvernig hún hyggst vinna við skráningar á örnefnum á sjó á Breiðafirði næsta sumar. Hún sagði einnig frá því að hún væri þegar byrjuð á verkefninu.

Rædd var verkáætlun Guðrúnar Gísladóttur vegna kortlagningar örnefnanna og farið yfir þau gögn sem þarf til að byggja upp grunn örnefna. Í verkáætluninni kemur fram að mikilvægt sé að ná samningi milli Háskóla Íslands, Breiðafjarðarnefndar, Landmælinga Íslands og Landhelgisgæslunnar um aðgengi kortagrunna, myndefnis og samnýtingu gagna. Þá þarf að endurskoða samninginn við Örnefnastofnun m.t.t. þessa verkefnis.

Fram kom að mikilvægt sé að gögnin verði aðgengileg almenningi að verkefninu loknu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Guðrún og Hjördís leiti til Landmælinga Íslands, Landhelgisgæslunnar og Háskóla Íslands og óski eftir að gerður verði samningur um leyfi til afnota á þeim gögnum sem tíunduð eru í verkáætluninni. Guðrún verður þó erlendis til 13. mars nk. en mun ganga í þetta þegar hún kemur heim. Róbert mun taka að sér að skoða kaup á GPS tæki fyrir Breiðafjarðarnefnd, sem Hjördís mun nota í sumar.

Nefndarmenn munu senda ritara upplýsingar um helstu leiðsögumenn og heimildamenn. Breiðafjarðarnefnd mun á næsta fundi gera drög að samningi við Háskóla Íslands um verkefnið og endurskoða þann samning sem þegar hefur verið gerður við Örnefnastofnun Íslands.

Guðrún og Hjördís yfirgáfu fundinn kl. 12:15.

Skipulagsmál

Lagt var fram erindi frá Landmótun ehf., dags. 1. febrúar sl. Í erindinu er óskað um-sagnar Breiðafjarðarnefndar um tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar. Þá var lagt fram annað erindi frá Landmótun, dagsett 10. febrúar. Í því er óskað eftir samráði og ábendingum um mál sem snerta starfssvið Breiðafjarðarnefndar vegna tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Mættir voru Gísli Gíslason og Yngvi Þór Loftsson, landslagsarkitektar frá Landmótun ehf., sem vinna að aðalskipulagsgerð fyrir Dalabyggð, Saurbæjarhrepp, Reykhólahrepp og Vesturbyggð. Þeir gerðu grein fyrir því hve langt á veg vinna við skipulagsgerðina er komin í hverju sveitarfélagi fyrir sig og svöruðu spurningum nefndarmanna. Gísli og Yngvi eru jafnframt höfundar svæðisskipulags Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu fyrir árin 1992-2012 sem til umræðu hefur komið vegna matsskýrslu um framkvæmdina Vestfjarðaveg nr. 60, Bjarkalundur – Eyri, og svöruðu

fyrirspurnum um túlkun skipulagsuppdráttarins og greinargerðarinnar með svæðisskipulaginu. Svör þeirra staðfestu að Breiðafjarðarnefnd hefur í umsögnum sínum haft réttan skilning á svæðisskipulaginu.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu skoða framlögð erindi ásamt fylgiskjölum þegar þau verða aðgengileg á heimasíðu Landmótunar. Breiðafjarðarnefnd mun afgreiða um-sagnir sínar á næsta fundi.

Gísli og Yngvi yfirgáfu fundinn kl. 13:00.

Hugsanleg tilnefning Breiðafjarðar á Ramsar-skrána

Kl. 13:00 mætti Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar.

Hann lagði fram lýsingar á Ramsar samningnum og viðmið til að greina votlendi sem eru alþjóðlega mikilvæg, og greindi frá því að verndarsvæði Breiðafjarðar uppfyllti öll átta viðmiðin sem sé mjög sjaldgæft. Hann sagði frá því hvernig samningur Ramsar er og svaraði spurningum nefndarmanna.

Þá var lagt fram erindi Grundarfjarðarbæjar, dags, 19. janúar sl., þar sem fram kemur að bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar telji nauðsynlegt að taka af allan vafa um lögsögu Breiðafjarðarnefndar áður en lengra er haldið með þetta mál.

Afgreiðsla: Ákveðið var að svara bréfi Grundarfjarðarbæjar og benda á að skv. 4. gr. laga um vernd Breiðafjarðar er Breiðafjarðarnefnd umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna. Í því felst að nefndin getur gert tillögur og sent ráðherra en hefur ekki ákvörðunarvald í þessum efnum.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2005

Skýrslunni var dreift á fundinum.

Afgreiðsla: Starfsskýrslan var samþykkt og munu formaður og varaformaður afhenda umhverfisráðherra skýrsluna. Einnig verður hún send varamönnum nefndarinnar, umhverfisráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og sveitarfélögunum við Breiðafjörð. Þá verður hún gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerð 65. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi

Lögð voru fram svarbréf Vegagerðarinnar (ódagsett), og Umhverfisstofnunar, dags. 2. febrúar 2006, við athugasemdum Breiðafjarðarnefndar við umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi.

Einnig var lagt fram svar Reykhólahrepps, dags. 24. janúar sl. varðandi svör Vegagerðarinnar við umsögn Reykhólahrepps um sömu framkvæmd.

Bréfin voru rædd.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd mun ekki senda frá sér athugasemdir við framlögð bréf.

Kynningar:

Tilnefning Surtseyjar á Heimsminjalistann

Guðríður sagði frá því að hún hafi undanfarið unnið við skýrslu um tilnefningu Surtseyjar á Heimsminjalistann. Hún sýndi nefndarmönnum skýrsluna. Hún sagði að ef eyjan verði talin líkleg inn á listann muni sérfræðingar koma til landsins í sumar og

meta það. Surtsey kæmist þó í fyrsta lagi inn á listann árið 2007 ef allt gengur upp. Kynningin fór fram til að gefa hugmynd um hvaða vinna fólgin er í því að undirbúa og kynna tilnefningar á Heimsminjalistann.

Fundi var slitið kl. 14:30.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

67. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. mars 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 66. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Hitaveita í Grundarfirði – Ákvörðun um matsskyldu

Lagt var fram afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Orkuveitunnar, dags. 8. febrúar 2006.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar athugasemdir við ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Aðalskipulag Dalabyggðar og Vesturbyggðar

Erindi Landmótunar, dagsett 1. febrúar 2006 og 10. febrúar 2006 voru lögð fram til afgreiðslu.

Afgreiðsla: Varðandi tillögu að aðalskipulagi fyrir Dalabyggð gerir Breiðafjarðarnefnd eftirfarandi athugasemdir:

Varðandi kafla 4.5.2. um virkjanir á bls. 17 í forsendum með skipulagstillögunni vísar Breiðafjarðarnefnd í svarbréf sitt til Straumeyjar, dags. 11. apríl 2005, um sjávarfallavirkjun í landi Straums og bendir jafnframt á að hugmyndir hafa verið uppi um fleiri sjávarfallavirkjanir í mynni Hvammsfjarðar.

Á bls. 38 í meðfylgjandi forsendum er talað um að Breiðafjörður sé *friðlýstur* skv. lögum en hið rétta er að Breiðafjörður *njóti verndar* skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Á sömu blaðsíðu er talað um að Breiðafjörður skeri sig úr þar sem hann sé "langstærsti eyja- og skerjagarður landsins". Eðlilegra væri að tala um að svæðið skeri sig úr vegna óteljandi eyja, hólma og skerja.

Rétt er að nefna svæði sem njóta verndar skv. öðrum lögum, t.d. friðlýst æðarvörp og arnarsetur á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum og reglugerðar nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda og friðlýsingu æðarvarps.

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á því að í forsendurnar vantar lögbundnar fornleifaskráningar fyrir verndarsvæðið.

Á bls. 51 í forsendum með tillögu Landmótunar að aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð er fjallað um verndaráætlun Breiðafjarðar og ætti sá kafli jafnframt heima í forsendum vegna aðalskipulags vegna Dalabyggðar.

Varðandi skipulagstillögu fyrir Vesturbyggð gerir Breiðafjarðarnefnd eftirfarandi athugasemdir:

Á bls. 50 í meðfylgjandi forsendum er talað um að Breiðafjörður sé *friðlýstur* skv. lögum en hið rétta er að Breiðafjörður *njóti verndar* skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Á sömu blaðsíðu er talað um að Breiðafjörður skeri sig úr þar sem hann sé "langstærsti eyja- og skerjagarður landsins". Eðlilegra væri að tala um að svæðið skeri sig úr vegna óteljandi eyja, hólma og skerja.

Rétt er að nefna svæði sem njóta verndar skv. öðrum lögum, t.d. friðlýst æðarvörp og arnarsetur á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum og reglugerðar nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda og friðlýsingu æðarvarps.

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á því að í forsendurnar vantar lögbundnar fornleifaskráningar fyrir verndarsvæðið.

Vestfjarðavegur nr. 60. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfis-áhrifum.

Úrskurður Skipulagsstofnunar var lagður fram ásamt bréfi, dagsettu 28. febrúar 2006.

Afgreiðsla: Nefndarmenn hafa kynnt sér úrskurðinn.

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagt var fram erindi Úlfars B. Thoroddsen, f.h. Minjasafnsins að Hnjóti, dags. 10. mars 2006 um hugsanlegt samstarf Minjasafnsins að Hnjóti við Breiðafjarðarnefnd varðandi skráningu á ver- og skreiðarleiðum við Breiðafjörð.

Í erindinu er viðruð sú hugmynd að Minjasafnið leggi fé í fyrirhugað verkefni Breiðafjarðarnefndar og fái á móti að nýta sér þær niðurstöður verksins sem tengjast ver- og skreiðarleiðum í þágu samnorræns strandmenningarverkefnis.

Magnús sagði frá því að hann hafi rætt við Hafstein í Flatey varðandi kostnað við bát og leiðsögn fyrir Hjördísi þá daga sem hún vinnur að verkefninu á vettvangi.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Guðríður og Guðrún Gísladóttir vinni drög að samningi milli Breiðafjarðarnefndar og Háskólans í samvinnu við Þórólf og Friðjón. Guðríður mun ræða við Guðrúnu og Hjördísi um að fá verkáætlun fyrir sumarið.

Vel var tekið í erindi Úlfars og ákveðið að Þórólfur ræði nánar við hann um hugsanlegt samstarf. Magnús mun ræða betur við Hafstein um hugsanlegan heildarkostnað vegna fæðis, gistingar, báts og leiðsagnar meðan á verkefninu stendur.

Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Róbert sýndi nefndarmönnum bæklinginn. Beðið er eftir korti sem verið er að vinna í bæklinginn, en að öðru leyti er bæklingurinn tilbúinn til prentunar.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með útlit bæklingins og kom fram áhugi á því að láta gera bækling um hlunnindi á Breiðafjarðarsvæðinu.

Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2006-2018 dreifbýlisluta

Lagt var fram erindi frá Teiknistofunni Eik, dags. 7. febrúar 2006, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagstillöguna.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd bendir á að á bls. 19 í drögum að greinargerð með skipulagstillögunni komi fram að lög um vernd Breiðafjarðar séu nr. 53/1995, en hið rétta sé að lögin séu nr. 54/1995.

Að öðru leyti gerir Breiðafjarðarnefnd ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Önnur mál

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Eiríkur sagði frá því að heppilegasti dagur til fyrirhugaðrar vettvangsferðar m.t.t. sjávarstrauma sé mánudagurinn 17. júlí. Ákveðið var að stefna að því að fara þann dag.

Fundir formanns og varaformanns

Friðjón og Guðríður sögðu frá því að þau hafi farið á fund umhverfisráðherra þann 20. febrúar sl. og afhent henni starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar.

Í framhaldi af fundi með ráðherra funduðu Friðjón og Guðríður með Magnúsi Jóhannssyni ráðuneytisstjóra, Ingimar Sigurðssyni skrifstofustjóra og Sigurði Á. Þráinssyni, deildarstjóra. Á fundinum var fjallað um helstu verkefni Breiðafjarðarnefndar og ákveðið hvaða samskiptaform skuli vera á milli ráðuneytisins og nefndarinnar.

68. fundur Breiðafjarðarnefndar

Ákveðið var að næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verði haldinn í Snæfellsbæ. Ritari mun hafa samband við Kristín Jónasson bæjarstjóra Snæfellsbæjar varðandi stað og stund. Þá mun Skúla Alexanderssyni fv. alþingismaðni og Guðbjörgu Gunnarsdóttur þjóðgarðsverði verða boðið til fundarins.

Kynningar:

Guðríður sagði frá því að tvær konur frá Vega í Noregi hafi sýnt áhuga á að koma hér á Breiðafjarðarsvæðið til að kynna sér æðarrækt. Önnur þeirra hafi þegar fengið styrk til ferðarinnar og mun hún koma í sumar. Guðríður lagði til að hún kæmi á fund nefndarinnar þegar hún kemur og segi nefndarmönnum frá því hvernig það sé að vera íbúi á Heimsminjasvæði. Þeir nefndarmanna sem stunda æðarrækt bentu á að heppilegasti tíminn fyrir hana að koma og taka þátt í dúntekju væri fyrsta vikan í júní. Tölvupóstur hafði borist frá henni þar sem fram kom að hún hafi ákveðið að koma í lok maí.

Fundi var slitið kl. 14:45.

Stefnt er að því að næsti fundur verði haldinn í Snæfellsbæ, föstudaginn 21. apríl nk.

68. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 24. apríl 2006 á Hellissandi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

Skúli Alexandersson tók á móti nefndarmönnum á Hótel Hellissandi og færði Breiðafjarðarnefnd að gjöf þriggja binda sögu Breiðavíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis, sem tekin var saman af Ólafi Elímundarsyni. Friðjón tók á móti bókunum og þakkaði fyrir þessa glæsilegu gjöf.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 67. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar og hugsanlegt samstarf Minjasafnsins að Hnjóti við Breiðafjarðarnefnd vegna skráninga á ver- og skreiðarleiðum við Breiðafjörð.

Friðjón las upp tölvuskeyti frá Guðrúnu Gísladóttur þar sem hún segir frá því að Hjördís Linda Jónsdóttir hafi farið á fund hjá Landmælingum Íslands og þar hafi hún greint Magnúsi Guðmundssyni og Eydísi Línal frá verkefninu. Þau hafi verið mjög áhugasöm og kváðust tilbúin að lána Raunvísindastofnun gervitunglamyndir, kortagrunna og snið gagnagrunns fyrir örnefnaskráningar. LMÍ hafi hug á að fá örnefnin, staðsetningu þeirra og eðlisflokkun að söfnun lokinni. Það sé því ljóst að Raunvísindastofnun og Breiðafjarðarnefnd þurfi að gera samning við LMÍ um aðgang þeirra að gögnunum.

Guðríður lagði fram drög að samningi við Jarð- og landfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem unnin voru í samráði við Guðrúnu Gísladóttur dósent.

Nefndarmenn fóru yfir sammingsdrögin og gerðu nokkrar breytingar.

Þá var lögð fram hugmynd Hjördísar Lindu Jónsdóttur að verkáætlun fyrir söfnun og staðsetningu á örnefnum á Breiðafirði sumarið 2006. Hún gerir ráð fyrir að fyrsti mælinga- og skráningardagur verði 1. júlí nk.

Afgreiðsla: Nefndarmenn samþykktu fyrir sitt leyti ofangreind sammingsdrög með gerðum breytingum. Samkvæmt símtali við Guðrúnu Gísladóttur á fundinum var samþykkt af hálfu Raunvísindastofnunar að lokagreiðsla vegna verkefnisins fari fram 31. janúar 2007 en ekki í árslok 2006 eins og fram kom í drögunum.

Þórólfur mun verða í sambandi við Úlfar B. Thoroddsen vegna samstarfs við Minjasafnið að Hnjóti.

Fundi var frestað kl. 13:00 en þá mættu Skúli Alexandersson og Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður ásamt bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Kristni Jónassyni. Einnig voru mættir bæjarfulltrúarnir, Ólína Björk Kristinsdóttir, Ólafur Rögnvaldsson, Gunnar Örn Gunnarsson og Pétur S. Jóhannsson.

Nefndarmenn funduðu með gestum og var meðal annars rædd tillaga þeirra Skúla og Kristins um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar, en samkvæmt henni liggja mörkin að Öndverðarnesi í suðri og Bjargtöngum í norðri. Fram kom sú hugmynd að

bæjarstjórar Vesturbyggðar og Snæfellsbæjar hafi frumkvæði að því að bæjarstjórnirnar hvetji umhverfisráðherra og þingmenn kjördæmisins til að leggja fram frumvarp á næsta þingi um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar um stækkun verndarsvæðisins eins og tillaga þeirra Kristins og Skúla gerir ráð fyrir.

Fuglalífsbæklingur og verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá því að fuglalífsbæklingurinn sé nú í prentun.

Hann vinnur nú að verndaráætlun og mun á næsta fundi bera texta undir nefndarmenn.

Önnur mál

Fundi var slitið kl. 15:20.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

69. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. júní 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir var erlendis.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 68. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Hjördís Linda Jónsdóttir mætti kl. 11:00 og var gestur fundarins undir þessum lið.

Hjördís hefur fengið gögn frá Landmælingum Íslands og er byrjuð að skrá örnefni í gagnagrunn. Hún ræddi framkvæmd verkefnisins við nefndarmenn og fékk upplýsingar hjá þeim um heimildarmenn og fleira.

Þórólfur sagði frá því að hann hafi verið í sambandi við Guðrúnu Gísladóttur varðandi samstarf um verkefnið við Hnjót. Guðrún mun leggja fram tillögu um hvernig því samstarfi verður háttað þegar hún kemur úr frí.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu verða Hjördísi innan handar eins og kostur er varðandi verkefnið. Ásgeir Gunnar mun fara með henni að hitta heimildarmenn að fundi loknum.

Hjördís Linda yfirgaf fundinn kl. 12:05.

Kæur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60, milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi.

Lagt var fram erindi frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um kærurnar. Friðjón fékk frest hjá Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra til að svara erindinu eftir þennan fund.

Ein af kærunum var frá Þórólfi Halldórssyni og önnur frá sýslumanninum á Patreksfirði og lýsti Þórólfur sig vanhæfan til að fjalla um þær.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér framkomnar kærur til umhverfisráðherra, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 12. maí 2006. Breiðafjarðarnefnd ítrekar fyrri umsagnir sínar til Skipulagsstofnunar, en gerir ekki athugasemdir við framkomnar kærur til umhverfisráðherra.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert lagði fram drög að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2005-2015. Hann mun senda nefndarmönnum lengra kominn texta til yfirlestrar í þessari viku eða næstu. Í framlögðum drögum má m.a. sjá hvernig uppsetning verndaráætlunarinnar verður.

Afgreiðsla: Verndaráætlunin verður send sveitarfélögunum til umsagnar þegar lokadrög liggja fyrir. Stefnt er að því að það verði nú í sumar. Eftir það fer hún í formlegt umsagnarferli.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Lagt var fram til kynningar svarbréf frá skipulags-, umhverfis- og bygginganefnd Vesturbyggðar, dags. 2. maí 2006.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Eiríkur lagði fram til kynningar drög að dagskrá vettvangsferðarinnar, sem farin verður 17. júlí nk.

Önnur mál

Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Ritari sagði frá því að ný útkominn fuglalífsbæklingur hafi fengið frábærar viðtökur. Á rúmum mánuði hefur verið dreift rúmlega 6000 eintökum á ensku og u.þ.b. 4600 á íslensku.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá því að Sverrir Jakobsson muni í júlí senda Breiðafjarðarnefnd yfirlit yfir vinnu sína við skráningu á sögu Breiðafjarðar. Hann sagði að Sverri miðaði vel áfram við vinnuna. Friðjón mun hafa samband við Sverri og óska eftir því að hann verði Hjördísi Lindu innan handar með söguna á bak við örnefni þar sem hann þekkir til.

Stækkun á Bogabúð í Flatey

Magnús lagði fram teikningar og byggingarlýsingu á Bogabúð í Flatey, en ætlunin er að stækka húsið verulega. Húsið er fyrrverandi verslunarhús sem byggt var árið 1910. *Afgreiðsla:* Ákveðið var að skrifa menntamálaráðuneytinu bréf og vekja athygli á nauðsyn þess að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja verði sett, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Þá mun nefndin í bréfinu benda á að vitað sé til þess að breytingar á húseignum í þorpinu í Flatey hafi átt sér stað að undanförmu og að fyrir liggja umsókn hjá byggingafulltrúanum í Reykhólahreppi um viðbyggingar við Bogabúð. Afrit verður sent Umhverfisstofnun og Reykhólahreppi.

Fundi var slitið kl. 13:50.

Næsti fundur verður haldinn í Bjarkalundi 17. júlí nk.

70. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. júlí 2006 í Bjarkalundi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar um norðurströnd Breiðafjarðar milli Reykjaness í Reykhólahreppi og Vatnsfjarðar í Vesturbyggð. Ferðin hófst kl. 08:00 í Búðardal, þar sem farið var um borð í rútu frá Sveini á Staðarfelli. Ekið var að Stað á Reykjanesi með viðkomu á Skriðulandi í Saurbæ. Í höfninni á Stað var farið um borð í bát Þórðar Jónssonar í Árbæ og Eiríks Snæbjörnssonar á Stað og var Þórður skipstjóri í ferðinni. Siglt var inn Þorskafjörð innundir Grenitrésnes á Hallsteinsnesi, fyrir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar, út fyrir Skálanes og áfram vestur yfir Kollafjörð, fyrir Bæjarnes og Kvígindisfjörð og áfram fyrir Svínanes og inn Skálmarfjörð innundir Selsker og þaðan út með Urðarhlíð og að Haugsnesi á Skálmarnesi þar sem Kristján Ebenezersson frá Stað ferjaði hópinn í land þar sem rútan beið hópsins. Að Skálmarnesmúla sýndi Finnboogi Jónsson hópnum kirkjuna að Múla. Frá Múla var ekið að Firði á Skálmarnesi og þaðan vestur í Flókalund í Vatnsfirði. Loks var ekið til baka frá Flókalundi sem leið lá um Vestfjarðaveg, komið við í Djúpadal þar sem Jenný Leifsdóttir sýndi hópnum sundlaugina, og hringnum lokað í Bjarkalundi kl. 20:00.

Leiðsögumenn í vettvangsferðinni voru Eiríkur Snæbjörnsson og Þórólfur Halldórsson.

Fundur settur í Bjarkalundi kl. 20:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 69. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Saga Breiðafjarðar - áfangaskýrsla

Lögð var fram til kynningar áfangaskýrsla Sverris Jakobssonar um skráningu á sögu Breiðafjarðar, dagsett 4. júlí 2006.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði að vinna við verndaráætlunina hafi tafist vegna aðkomu Náttúrustofu Vesturlands að forgangsverkefni á vegum umhverfisstjórnunar. Hann sagðist þó stefna að því að halda áfram vinnu við verndaráætlunina á næstunni.

Afgreiðsla: Nefndarmenn sýndu því skilning að vinna við verndaráætlunina hafi tafist.

Endurbygging skúrs við Vertshús í Flatey

Lagt var fram til kynningar afrit af erindi Karls Gunnarssonar til Byggingarnefndar Reykhólahrepps, dags. 6. júlí 2006, þar sem óskað er eftir leyfi byggingarnefndar Reykhólahrepps til að endurbyggja skúr norðan við Vertshús í Flatey.

Fundi var slitið kl. 22:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

71. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. október 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 70. fundar

Formaður las fundargerð 70. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði að vinna við verndaráætlunina hafi enn tafist vegna mikilla anna á Náttúrustofu Vesturlands vegna forgangsverkefnis á vegum umhverfisráðuneytisins. Hann sagði að stefnt væri að því að ljúka við verndaráætlunina fyrir áramót.

Afgreiðsla: Nefndarmenn gerðu ekki sérstakar athugasemdir við tafirnar.

Háskólasetur Snæfellsness

Róbert sagði frá stofnun Háskólaseturs Snæfellsness og afrakstri fyrstu starfsmánaða þess. Formleg opnun Háskólasetursins verður kl. 17:00 og hefur nefndarmönnum öllum verið boðið á opnunina.

Afgreiðsla: Nefndarmenn fagna stofnun Háskólasetursins og vonast eftir samstarfi við setrið í framtíðinni. Allir nefndarmenn sem tók hafa á verða viðstaddir opnun Háskólasetursins.

Búsvæðaverndun fyrir toppskarfi

Guðríður og Róbert sögðu frá því að mikil fækkun hafi orðið á toppskarfi í norðanverðum Breiðafirði. Líffræðingar vilja tengja þetta fæðu toppskarfsins. Fram kom að tegundir hafi farið inn á valista þegar fækkun í stofni á 10 ára tímabili hafi verið 20% eða meira, en skv. nýlegum talningum hefur fækkun á toppskarfi á Breiðafirði verið töluverð á Vestureyjum. Þó hefur orðið einhver fjölgun á toppskarfi á Faxaflóa, en hún vegur ekki upp fækkun á Breiðafirði.

Ásgeir Gunnar sagði að hann hafi talið dílaskarf í rúm 20 ár og þar hafi orðið gríðarleg fækkun og telur hann fækkunina meiri hjá dílaskarfi en hjá toppskarfi. Þá hafi einnig orðið gríðarleg fækkun á ritu og að mikið hafi verið um eggjalaus hreiður. Róbert lagði fram veiðitölur yfir toppskarfi og dílaskarf frá árinu 1995 til ársins 2004 og sagði að hann teldi að besta tækið til að hafa áhrif á þessa þróun væri að banna veiði.

Róbert og Guðríður fengu Arnþór Garðarsson prófessor við Háskóla Íslands, til að gefa yfirlit um stöðu stofnsins fyrir fundinn og var það yfirlit kynnt nefndarmönnum. Arnþór kom í stutta heimsókn á fundinn þar sem hann var staddur í húsinu og gerði enn frekar grein fyrir þeim rannsóknum sem hann hefur verið að vinna og sagði frá þeim aðferðum sem beitt er við talningarnar. Hann svaraði jafnframt spurningum nefndarmanna.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda umhverfisráðherra ábendingu um fækkun sjófugla á Breiðafirði og óska eftir því að ráðuneytið láti kanna nánar ástand sjófuglastofna á

Breiðafirði og mögulegar ástæður fækkunar. Guðríður og Róbert tóku að sér að gera drög að erindi til ráðuneytisins.

Róbert vék af fundi kl. 12:20.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Formleg vinna við skráningu örnefna sem tengjast sjó og siglingum í Breiðafirði hófst 1. júní sl. og fólst í að safna, skrá, skýra, staðsetja og kortleggja örnefni. Lögð var fram stutt greinargerð frá Hjördísi Lindu Jónsdóttur vegna vinnu hennar við örnefnaskráningar á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með hve vel verkefnið fer af stað en í sumar skráði Hjördís eða staðsetti 808 punkta sem ýmist eru ný örnefni, staðsetningar á þekktum örnefnum, skýringar eða myndapunktur.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar til næstu áramóta. Ljóst er að kostnaður vegna örnefnaverkefnisins er ekki eins mikill og gert var ráð fyrir í upphafi og var því ákveðið að nýta það fjármagn til áframhaldandi vinnu við örnefnaverkefnið.

Afgreiðsla: Guðríður mun ræða við Guðrúnu Gísladóttur og Hjördísi Lindu um áframhaldandi samstarf um örnefnaverkefnið. Friðjón mun ræða við Sverri Jakobsson um gang mála hjá honum varðandi skráningu á sögu Breiðafjarðar.

Fundi var slitið kl. 13:15.

Næsti fundur ákveðinn 27. nóvember 2006 í Stykkishólmi og að síðasti fundur ársins verði haldinn í Reykjavík 11. desember nk.

72. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. nóvember 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Rannsóknir Háskólaseturs Snæfellsness á verndarsvæði Breiðafjarðar

Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Háskólaseturs Snæfellsness, var gestur fundarins undir þessum lið og sagði frá nokkrum rannsóknum sem eru í undirbúningi og ætlunin er að stunda á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Hann svaraði spurningum nefndarmanna.

Afgreiðsla: Nefndarmenn þökkðu Tómasi fyrir og lýstu yfir vilja til samstarfs eftir bestu getu.

Tómas vék af fundi kl. 11:45.

Fundargerð 71. fundar

Friðjón las fundargerð 71. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Fækkun sjófugla

Lögð voru fram drög að erindi til umhverfisráðherra þar sem bent er á fækkun sjófugla á Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að rannsóknir hefjist nú þegar og óskar eftir því að ráðuneytið veiti nefndinni fjármagn til að láta kanna nánar ástand sjófuglastofna á Breiðafirði og mögulegar ástæður fyrir fækkun í þeim.

Drögin voru rædd.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt eftir smávægilegar breytingar og erindið undirritað.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar til næstu áramóta.

Friðjón sagðist hafa verið í sambandi við Sverri Jakobsson varðandi skráningu á sögu Breiðafjarðar. Sverrir mun koma yfirliti yfir skráninguna til formanns nefndarinnar fyrir næsta fund.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir kostnaðaráætlun frá Guðrúnu Gísladóttur dósent við raunvísindadeild Háskóla Íslands vegna áframhaldandi vinnu við örnefna-skráningar á Breiðafirði. Guðríður mun hafa samband við Guðrúnu og óska eftir að sú áætlun liggja fyrir á næsta fundi.

Skipulag fyrir Breiðafjörð

Rædd var nauðsyn þess að unnið verði aðalskipulag fyrir Breiðafjörð. Málið virðist þó vera í kyrrstöðu þar sem vinna við aðalskipulag hjá nokkrum af sveitarfélögunum við Breiðafjörð er enn í gangi. Búið er að vinna aðalskipulag fyrir Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ, en verið er að vinna við gerð aðalskipulags fyrir Helgafellssveit, Vesturbyggð, Reykhólahrepp og Dalabyggð.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta umræðu um gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð þar til samþykkt aðalskipulag liggur fyrir hjá öllum sveitarfélögunum við Breiðafjörð.

Tillaga um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Ekki hefur borist svar frá umhverfisráðuneytinu vegna bréfs Breiðafjarðarnefndar frá 15. september 2005, þar sem nefndin leggur til við ráðuneytið að það taki tillögu Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar til afgreiðslu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir fundi með ráðherra og ræða þetta mál ásamt fleiri málum. Guðríður mun athuga hvort umhverfisráðherra geti komið á næsta fund nefndarinnar sem haldinn verður í Umhverfisstofnun 11. des. nk.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Lagt var fram erindi frá Landmótun, dags. 20. nóvember 2006, þar sem óskað er formlegrar umsagnar varðandi tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Nefndarmenn skoðuðu skipulagstillöguna og vildu taka sér lengri tíma til að skoða þá þætti er snerta verndarsvæði Breiðafjarðar, en frestur til að skila umsögninni er til 15. desember nk.

Afgreiðsla: Afgreiðslu var frestað til næsta fundar.

Fundi var slitið kl. 13:30.

Næsti fundur, og jafnframt síðasti fundur ársins, verður haldinn í Umhverfisstofnun 11. desember nk.

73. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11. desember 2006 í Umhverfisstofnun, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00 og var umhverfissráðherra sérstaklega boðinn velkominn á fundinn.

Fundur með umhverfissráðherra

Jónína Bjartmarz umhverfissráðherra var gestur fundarins.

Formaður fór yfir lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og kynnti nefndarmenn.

Dagskrá fundar með ráðherra:

a. Tillaga um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Tillaga Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar úr Snæfellsbæ um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar var rædd.

Nefndarmenn bentu m.a. á nauðsyn þess að skipuleggja svæðið í heild sinni og að mörk verndarsvæðisins séu skýr.

Ráðherra taldi hugmynd um tvo þjóðgarða sem tengdir væru saman með verndarsvæði Breiðafjarðar mjög athyglisverða.

Ráðherra mun skoða málið með sínu fólki í ráðuneytinu sem allra fyrst.

b. Fækkun sjófugla

Nefndarmenn ræddu fækkun sjófugla á Breiðafirði við ráðherra.

Breiðafjarðarnefnd sendi ráðherra erindi þann 27. nóvember sl., og lagði til að nefndin fengi aukafjárveitingu til eflingar rannsókna á undirstöðum lífríkisins á svæðinu.

Róbert lagði fram minnisblað um fækkun sjófugla á Breiðafirði og átak í rannsóknum á orsökum hennar þar sem nánar er fjallað um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar. Erindi nefndarinnar var rætt og nefndarmenn ítrekuðu nauðsyn þess að hefja rannsóknir sem fyrst og að þeim sé vel stýrt.

Ráðherra leist vel á hugmyndina og sýndi því skilning að þekkingaröflun um náttúruna væri nauðsynleg. Hún mun skoða hvað hægt er að gera í framhaldi af beiðni nefndarinnar og sagði að nefndin gæti vænt svars fljótlega.

c. Önnur mál

Þórólfur benti á að í gegnum tíðina hafi Breiðfirðingar lifað af náttúrunni og ræddi mikilvægi samspils manns og náttúru.

Ásgeir Gunnar benti á ný og vaxandi vandamál sem trufla náttúruna og nefndi í því sambandi sæketti (Jet-ski). Það sé enn eitt dæmið um nauðsyn þess að skipulag sé til fyrir Breiðafjörð með tilheyrandi reglum.

Fundargerð 72. fundar

Formaður las fundargerð 72. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Umhverfissráðherra vék af fundi kl. 13:00.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Rætt var erindi Landmótunar, dags. 20. nóvember 2006, þar sem óskað er formlegrar umsagnar varðandi tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Friðjón sagði frá því að hann hafi rætt við Gísla Gíslason landslagsarkitekt hjá Landmótun um þær athugasemdir sem fram komu á síðasta fundi.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar, sem haldinn verður mánudaginn 22. janúar nk. í Stykkishólmi.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Lögð var fram áætlun frá Guðrúnu Gísladóttur, dósent við raunvísindadeild Háskóla Íslands, um viðbótarkostnað vegna aukaverkefna við áður umsamið örnefnaverkefni.

Afgreiðsla: Ákveðið var að gera samning við raunvísindadeild Háskóla Íslands um aukaverkefni. Breiðafjarðarnefnd mun þó kaupa GPS tækið sem tilgreint er í áætluninni. Guðríður mun ræða við Guðrúnu um að gera drög að samningi til að leggja fyrir nefndarmenn. Ritari mun festa kaup á GPS tækinu fyrir Breiðafjarðarnefnd og mun tækið verða í vörslu nefndarinnar þegar það er ekki í notkun vegna verkefnisins.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón las upp áfangaskýrslu frá Sverri Jakobssyni, en hann hefur unnið við skráningu á sögu Breiðafjarðar. Fram kemur í skýrslunni að ritun á fyrsta kafla sé langt komin og það sama eigi við um rannsóknavinnu vegna 2. og 3. kafla. Hann gerir ráð fyrir að ljúka við að skrifa 2. og 3. kafla á árinu 2007. Lögð voru fram drög að samningi milli Breiðafjarðarnefndar og Sverris um áframhaldandi vinnu á árinu 2007.

Afgreiðsla: Samningsdrögin voru samþykkt og samningurinn undirritaður af formanni.

Fjarskiptamastur í Flatey

Lagt fram til kynningar erindi Reykhólahrepps til Neyðarlínunnar, dagsett 30. nóvember 2006. Í erindinu er óskað eftir nánari gögnum varðandi umsögn Neyðarlínunnar um að fá leyfi til að reisa fjarskiptamastur í Flatey.

Önnur mál

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur verður haldinn í Stykkishólmi, mánudaginn 22. janúar 2007.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2006

Innsend erindi 2006

12. janúar 2006. Guðrún Gísladóttir, Jarðvísindastofnun H.Í.

Efni: Kostnaðarliðir við skráningu örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar.

19. janúar 2006. Grundarfjarðarbær

Efni: Varðar tilnefningu verndarsvæðis Breiðafjarðar á Ramsar-skrána.

26. janúar 2006. Vegagerðin

Efni: Ábendingar vegna bréfs Breiðafjarðarnefndar til Umhverfisstofnunar, dagsettu 16.01.2006.

2. febrúar 2006. Umhverfisstofnun.

Efni: Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar við umsögn Umhverfisstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60, Bjarkalundur – Eyri.

1. febrúar 2006. Landmótun

Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

8. febrúar 2006. Skipulagsstofnun.

Efni: Hitaveita í Grundarfirði – Ákvörðun um matskyldu.

10. febrúar 2006. Landmótun

Efni: Aðalskipulag Vesturbyggðar

28. febrúar 2006. Skipulagsstofnun

Efni: Vestfjarðavegar nr. 60 milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

7. febrúar 2006. Teiknistofan Eik

Efni: Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2006-2018 dreifbýlishluta.

10. mars 2006. Minjasafnið að Hnjóti

Efni: Hugsanlegt samstarf Minjasafnsins að Hnjóti við Breiðafjarðarnefnd varðandi skráningu á ver- og skreiðarleiðum við Breiðafjörð.

2. maí 2006. Skipulags-, umhverfis- og bygginganefnd Vesturbyggðar.

Efni: Erindi frá Breiðafjarðarnefnd um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.

12. maí 2006. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60 milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi.

4. júlí 2006. *Sverrir Jakobsson*
Efni: Saga Breiðafjarðar – áfangaskýrsla.

6. júlí 2006. *Bygginganefnd Reykhólahrepps*
Efni: Tillaga að endurbyggingu skúrs norðan við Vertshús í Flatey á Breiðafirði.

13. júlí 2006. *Skipulags- og byggingafulltrúi Dala- og A- Barðastrandarsýslu, Árnes- og Broddaneshrepps.*
Efni: Vertshús, Flatey. Bakhús.

20. nóvember 2006. *Landmótun.*
Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

21. desember 2006. *Umhverfisstofnun. Afrit af erindi til Orkuveitur Reykjavíkur.*
Efni: Borun jarðhitaholu á Berserkseyri í Kolgrafafirði.

Útsend erindi 2006

13. janúar 2006. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Þóknun vegna nefndarsetu.

13. janúar 2006. Stykkishólmsbær.

Efni: Varnir gegn mengun hafs og stranda.

16. janúar 2006. Umhverfisstofnun.

Efni: Athugasemdir vegna umsagnar Umhverfisstofnunar til Skipulagsstofnunar um matsskýrslu um framkvæmdina Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri.

16. janúar 2006. Skipulagsstofnun.

Efni: Hitaveita í Grundarfirði – Tilkynning um matsskyldu

15. febrúar 2006. Grundarfjarðarbær.

Efni: Hugsanleg tilnefning verndarsvæðis Breiðafjarðar á Ramsar-skrána

15. mars 2006. Landmótun.

Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.

15. mars 2006. Landmótun.

Efni: Aðalskipulag Vesturbyggðar.

15. mars 2006. Teiknistofan Eik.

Efni: Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2006-2018 dreifbýlishluta.

26. maí 2006. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði.

27. júní 2006. Menntamálaráðuneytið.

Efni: Vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar.

27. júní 2006. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Vestfjarðavegur nr. 60, kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar.

27. nóvember 2006. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Fækkun sjófugla á Breiðafirði.